Nd. 70. Frumvarp

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Upphaf stafl. C, 1. tölul. 2. gr. laganna skal orða svo:

Norðurlandsvegur. Af Breiðamel, um Laxárdal og Laxárdalsheiði og Borðeyri, fyrir botn á Hrútafirði, um Hrútafjarðarháls o. s. frv.

## Greinargerð.

Með svofeldri breytingu, sem hjer er farið fram á, lengist vegurinn að vísu um nokkrar stikuþúsundir (km.), en hitt vinst, að sama sem allur vegurinn verður í bygð, en Norðurlandsvegur, sá sem nú er, liggur mestallur í óbygðum frá Dalsmynni að Melum í Hrútafirði.